



Norrænt samstarf um norðurskautssvæðið Samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um norðurskautssvæðið 2018-2021

1. Formáli

Í samstarfsáætlunum Norrænu ráðherranefndarinnar er greint frá helstu pólitísku forgangsverkefnum viðkomandi fagsviðs á gildistíma áætlunarinnar. Norræna ráðherranefndin hefur haft samstarfsáætlun um norðurskautssvæðið síðan 1996 og áætlunin árin 2018-2021 er sú áttunda í röðinni. Áður en samstarfsáætlunin um norðurskautssvæðið fékk núverandi mynd árið 1996 vann Norræna ráðherranefndin líka að málefnum norðurskautssvæðisins með rannsóknaráætlun fyrir norðurskautssvæðið og umhverfis- og náttúruáætlun. Norræna ráðherranefndin hefur því unnið samfelld og sérstaklega með norðurskautssvæðið síðan á dögum Rovaniemi-verkefnisins og stofnunar áætlunar til verndunar umhverfis norðurskautsins, *Arctic Environmental Protection Strategy (AEPS)*, í upphafi tíunda áratugar tuttugustu aldarinnar fram til stofnunar Norðurskautsráðsins árið 1996 og að núverandi og framtíðardagskrá norðurskautssvæðisins, sem snýst ekki lengur eingöngu um umhverfismál og náttúruvernd, heldur líka sjálfbæra þróun í heild sinni. Þetta felur meðal annars í sér að áætlun norðurskautssvæðisins snýst í auknum mæli um viðbrögð við og aðlögun að loftslagsbreytingum; almenn lífskjör íbúanna, þar á meðal frumbyggjanna og óskina um áframhaldandi bætt lífskjör, hagvöxt og þróun atvinnutækifæra; nýsköpun og frumkvöðlastarf sem og menntun og færniþróun.

Norðurskautssvæðið er svæði sem er að þróast og þar sem þörf er fyrir meðvitað, kerfisbundið og samfelld samstarf sem miðar að því að skapa ferli og þróun um frið, stöðugleika, verndun, hagvöxt og velmegun. Norðurskautið er svæði sem bæði þarf að varðveita og þróa. Því gegnir hugtakið „sjálfbær þróun norðurskautssvæðisins“ lykilhlutverki fyrir ekki bara samstarfsáætlunina um norðurskautssvæðið árin 2018-2021, heldur líka sögulega séð fyrir allar þær samstarfsáætlanir um norðurskautssvæðið sem Norræna ráðherranefndin hefur haft síðan 1996.

Norræna ráðherranefndin vill með samstarfsáætluninni um norðurskautssvæðið fyrir árin 2018-2021 áfram vinna að því að skapa og stuðla að sjálfbærri þróun á norðurskautssvæðinu. Styrkur samstarfsáætlunarinnar um norðurskautssvæðið felst í breidd áætlunarinnar og getunni til að ná til lítilla aðila og hagsmunaaðila á

norðurskautssvæðinu. Um leið á samstarfsáætlunin um norðurskautssvæðið líka að vera markviss og skýr og geta stuðlað að stefnumótandi verkefnum og niðurstöðu. Verkefni á vegum áætlunarinnar eiga að finnast innan þessa ramma.

2. Tilgangur samstarfsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar um norðurskautssvæðið 2018-2021

Samstarfsáætlunin um norðurskautssvæðið stuðlar að framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar um „nýskapandi, landamæralaus, sýnileg og opin Norðurlönd“. Samstarfsáætlunin á um leið að bæta upp aðra þverlæga stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar¹, sem er sterk staða Norðurlanda og svið, þar sem vinna Norrænu ráðherranefndarinnar stendur vel að vígi bæði á Norðurlöndum og á alþjóðavísu og getur skapað virðisauka. Samstarfið innan Norrænu ráðherranefndarinnar, þ.m.t. samstarfsáætlunin um norðurskautssvæðið, á sér rætur í norrænni hefð sem byggir á réttindum, sögulegri og lagalegri hefð lýðræðis og þátttöku.

Lykilmál í samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um norðurskautssvæðið 2018-2021 mun verða að koma til móts við sértækar þarfir norðurskautssvæðisins og stuðla að sjálfbærri þróun norðurskautssvæðisins. Í því samhengi gegna Dagskrá 2030 og sjálfbærnimarkmiðin 17, sem voru samþykkt á allsherjarþingi SP haustið 2015, stóru hlutverki.

Markmið samstarfsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar um norðurskautssvæðið 2018-2021 er að skapa sjálfbæra og uppbyggilega þróun norðurskautssvæðisins og íbúa þess á grundvelli fimm (ensku) péanna: „**Planet**“ („plánetan“); „**peoples**“ („íbúarnir“); „**prosperity**“ („hagvöxtur og velmegun“); „**peace**“ („öryggi og stöðugleiki“) og „**partnerships**“ (að þessi þróun verði til í alþjóðlegri samvinnu). Einkum alþjóðlega samvinnan er þáttur, sem Norræna ráðherranefndin hefur löngum lagt mikla áherslu á og leitast við að samþætta þverlægt á öllum stigum áætlunarinnar og sú áhersla mun haldast.

3. Markmið í samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um norðurskautssvæðið 2018-2021

Í almennri vinnu sinni að sjálfbærnimálum vinnur Norræna ráðherranefndin samkvæmt Dagskrá 2030², og sjálfbærnimarkmiðunum 17³ og öll 169 undirmarkmiðin eru viðeigandi frá almennum norrænum sjónarhóli. Í samstarfsáætluninni um norðurskautssvæðið 2018-2021 er þó ekki hægt að verða við öllum

¹ Þverfagleg stefna fyrir (1) Börn og ungmenni; stefnan um jafnrétti og stefnan um sjálfbæra þróun.

² Tilvísun í áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um Dagskrá 2030.

³ <http://www.un.org/sustainabledevelopment/sustainable-development-goals/>

sjálfbærnimarkmiðunum og forgangsröðunin hér á eftir endurspeglar hvaða sjálfbærnimarkmiðum sjónum verður beint að.

Forgangsröðunin í samstarfsáætluninni um norðurskautssvæðið mun taka mið af þróun varðandi plánetuna („planet“); varðandi íbúana („people(s)“); varðandi hagvöxt og velmegun („prosperity“), og sérstök áhersla verður lögð á að skapa þessa þróun í samstarfi og alþjóðlegri samvinnu („partnerships“).

4. Forgangsverkefni og málefni í samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um norðurskautssvæðið 2018-2021

4.1. „Peoples“ (Þjóðir)

Í forgangsverkefninu „peoples“ eiga eftirfarandi sjálfbærnimarkmið (SDG) við um samstarfsáætlunina um norðurskautssvæðið: SDG nr. 3 (heilsa og vellíðan), SDG nr. 4 (menntun fyrir alla), SDG nr. 5 (jafnrétti kynjanna), SDG nr. 11 (sjálfbærar borgir og samfélög), SDG nr. 16 (friður og réttlæti) og SDG nr. 17 (alþjóðleg samvinna).

Í samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um norðurskautssvæðið munu ofangreind sjálfbærnimarkmið í málaflokknum „peoples“ verða nýtt til að greiða fyrir og efla samstarfsverkefni og samskipti á eftirtöldum sviðum:

- Frumbyggjar á norðurskautssvæðinu
- Lífskjör fjölskyldna, einkum barna og ungmenna
- Jafnrétti og hlutverk kynjanna á norðurskautssvæðinu
- Heilbrigðismál og félagslegar aðstæður á norðurskautssvæðinu
- Rannsóknir, menntun og færniþróun á norðurskautssvæðinu
- Samstarf þjóða, grasrótarsamstarf og samstarf frjálsra félagasamtaka ásamt þróun borgaralegs samfélags með tilliti til þess að efla friðsamleg lýðræðissamfélög með þátttöku allra.

4.2. „Planet“ (Pláneta)

Í forgangsverkefninu „planet“ eiga eftirfarandi sjálfbærnimarkmið við um samstarfsáætlunina um norðurskautssvæðið⁴: SDG nr. 6 (hreint vatn og salernisaðstaða), SDG nr. 7 (sjálfbær orka), SDG nr. 11 (sjálfbærar borgir og samfélög), SDG nr. 13 (verndun jarðarinnar), SDG nr. 14 (líf í vatni), SDG nr. 15 (líf á landi) og SDG nr. 17 (alþjóðleg samvinna).

Í samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um norðurskautssvæðið munu ofangreind sjálfbærnimarkmið í málaflokknum „planet“ verða nýtt til að greiða fyrir og efla samstarfsverkefni og samskipti á eftirtöldum sviðum:

- Nýskapandi lausnir á sviði sjálfbærrar orku á norðurskautssvæðinu

⁴ Í sumum tilvikum eru eitt eða fleiri sjálfbærnimarkmið viðeigandi í ólíku samhengi og verða því nefnd í ólíku samhengi og varðandi mörg forgangssvið.

- Sjálfbærar borgir og borgarþróun á norðurskautssvæðinu
- Sjálfbær nýting og notkun auðlinda hafsins
- Viðurkenning á mikilvægi líffræðilegs fjölbreytileika og breytinga á norðurskautssvæðinu
- Minnkun gróðurhúsalofttegunda, aðlögun að breyttu loftslagi og viðnámsþolin samfélög á norðurskautssvæðinu

4.3. „Prosperity“ (Velmegun)

Í forgangsverkefninu „prosperity“ eiga eftirfarandi sjálfbærnimarkmið við: SDG nr. 4 (menntun fyrir alla), SDG nr. 7 (sjálfbær orka), SDG nr. 8 (góð atvinna og hagvöxtur), SDG nr. 9 (nýsköpun og uppbygging), SDG nr. 11 (sjálfbærar borgir og samfélög), SDG nr. 12 (ábyrg neysla) og SDG nr. 17 (alþjóðleg samvinna).

Í samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um norðurskautssvæðið munu ofangreind sjálfbærnimarkmið í málaflokknum „prosperity“ verða nýtt til að greiða fyrir og efla samstarfsverkefni og samskipti á eftirtöldum sviðum:

- Nýsköpun og frumkvöðlastarf, þar á meðal menntun í nýsköpun/frumkvöðlastarfsemi og rekstri sprotafyrirtækja
- Stafræn tækniþróun
- Þróun atvinnutækifæra á svæðinu
- Mikilvægi menningarinnar fyrir sjálfbæra framtíð á norðurskautssvæðinu
- Hentugar atvinnugreinar á norðurskautssvæðinu, þar á meðal ferðaþjónusta, matarmenning og útflutningur á mat frá norðurskautssvæðinu.

4.4. „Partnerships“ (Alþjóðleg samvinna)

Í forgangsverkefninu „partnerships“ eru tvö sjálfbærnimarkmið mest viðeigandi, SDG nr. 16 (friður og réttlæti) og SDG nr. 17 (alþjóðleg samvinna), sem tæki til þess að ná fram þeirri þróun sem stefnt er að. Framtíðarsýn norræns samstarfs frá árinu 2014 er „saman erum við öflugri“. Þetta er viðurkenning á að í samstarfi megi uppskera niðurstöður, reynslu, lausnir og virðisauka, sem er meiri, en ef löndin hvert í sínu lagi eða einn aðili ynni verk eða verkefni. Norræna ráðherranefndin byggir á sameiginlegum norrænum lýðræðislegum hefðum og vinnur á grundvelli einkunnarorðanna „norrænt notagildi“, þar sem samstarf tveggja eða fleiri norrænna ríkja skapar virðisauka, sem ella næðist ekki.

Samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um norðurskautssvæðið er því samkvæmt skilgreiningu áætlun, sem greiðir fyrir samstarfi og alþjóðlegri samvinnu og mun halda því áfram til að ná fram skýrri niðurstöðu og lausnum við áskorunum og þörfum á norðurskautssvæðinu. Samstarfsáætlunina um norðurskautssvæðið má því nota til að skapa og koma á fót tengslanetum og vettvangi með tilliti til að auka frjálst flæði fólks og miðlun reynslu á sviðum sem henta áætlun norðurskautssvæðisins.

5. Skipulag samstarfsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar um norðurskautssvæðið 2018-2021

Norræna ráðherranefndin er alþjóðastofnun sem var komið á fót af ríkisstjórnnum Norðurlandanna árið 1971 og er því eitt elsta svæðasamstarf í heimi⁵. Norrænu forsætisráðherrarnir bera meginábyrgð á vinnu Norrænu ráðherranefndarinnar og 11 ráðherranefndir eiga að greiða fyrir pólitískri umræðu og sjá um framkvæmd samstarfsins á samstarfssviðunum. Það er ein þverfagleg ráðherranefnd (norrænu samstarfsráðherrarnir/MR-SAM) og 10 fagraráðherranefndir⁶. MR-SAM ber daglega ábyrgð á almennu samstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar, þar á meðal ábyrgð á alþjóðastarfi. MR-SAM og Norræna samstarfsnefndin (NSK) bera þannig ábyrgð á vinnu Norrænu ráðherranefndarinnar á norðurskautssvæðinu.

Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar vinnur með þrjú almenn markmið: (1) að eiga frumkvæði að, hrinda af stað, framkvæma og fylgja eftir pólitískum ákvörðunum, (2) að þróa þekkingu sem grundvöll sameiginlegra lausna og (3) að byggja upp tengslanet til miðlunar reynslu og hugmynda. Þessi verkefni vinnur skrifstofan að beiðni og með umboði frá ráðherranefndunum. Vinnu skrifstofunnar er stjórnað af pólitískum markmiðum hverju sinni, stefnumörkun og öðrum stefnumótandi skjölum fyrir vinnu Norrænu ráðherranefndarinnar, til dæmis framtíðarsýn norrænu samstarfsráðherranna frá árinu 2014 um norrænt samstarf⁷, verkefni forsætisráðherranna „Nordic Solutions to Global Challenges“⁸, árlegum formennskuáætlunum til skiptis í löndunum⁹, þverlægri stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar¹⁰ og samstarfsáætlunum – í þessu tilviki samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um norðurskautssvæðið.

6. Viðmið fyrir samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um norðurskautssvæðið 2018-2021

6.1. Formleg norræn viðmið

Samstarfsverkefni eiga fyrst og fremst að stuðla að og veita aðstoð við framkvæmd og þróun hnattrænnar sjálfbærniáætlunar

⁵ Nánari upplýsingar á www.norden.org

⁶ Fagraráðherranefndirnar 10 vinna með (1) vinnumál, (2) efnahags- og fjármálastefnu, (3) fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt, (4) jafnréttismál, (5) menningarmál, (6) löggjafarsamstarf, (7) umhverfismál, (8) atvinnu-, orku- og byggðastefnu, (9) félags- og heilbrigðismál og (10) menntamál og rannsóknir.

⁷ <http://www.norden.org/is/norraena-radherranefndin/samstarfsradherrarnir-mr-sam/yfirlýsingar/nordurloend-2013-saman-erum-vid-oeflugri>

⁸ Verkefni forsætisráðherranna var samþykkt af norrænu forsætisráðherrunum á þingi Norðurlandaráðs 2015.

⁹ Árið 2017 gegnir Noregur formennsku í Norrænu ráðherranefndinni með eigin formennskuáætlun. Árið 2018 tekur Svíþjóð við formennskunni, árið 2019 tekur Ísland við formennskunni, árið 2020 tekur Danmörk við formennskunni og árið 2021 tekur Finnland við formennskunni.

¹⁰ Þverlæg stefna Norrænu ráðherranefndarinnar skiptist í stefnu fyrir (1) börn og ungmenni, (2) jafnréttismál og (3) sjálfbærni, en undir þá stefnu heyrir Dagskrá 2030 og vinnan með sjálfbærnimarkmið SP (Sustainable Development Goals (SDGs)).

norðurskautssvæðisins með tilliti til sýnilegs svæðisbundins og staðbundins árangurs á svæðinu. Um leið eru samstarfsverkefni, sem styrkt eru, skuldbundin til að gefa af sér virðisauka, sem er skapaður fyrir tilstilli stuðnings Norrænu ráðherranefndarinnar. Með öðrum orðum á þessi virðisauki að gefa af sér „norrænt notagildi“. Það eru margar leiðir til að ná fram „norrænu notagildi“ og viðmiðin hér á eftir eru sumar þeirra krafna, sem uppfylla þarf, til þess að koma til álita við að fá stuðning frá samstarfsáætluninni um norðurskautssvæðið.

6.2. Alþjóðleg samvinna og samstarf

Meginreglan er sú að þrjú norræn ríki eigi að taka þátt í samstarfsverkefni. Alþjóðlega samvinnu þriggja norrænna ríkja má auka með einu eða fleiri þriðju löndum – t.d. einu eða fleiri af hinum norðurskautsríkjunum (Bandaríkjunum, Kanada og Rússlandi). Í mati á umsóknum verður lögð áhersla á eftirfarandi viðmið:

- Að samstarfsverkefnið sýni sannanleg jákvæð áhrif með sameiginlegum norrænum/norðurskautssvæðis- lausnum (umfram verkefni sem unnið er í hverju landi fyrir sig).
- Að samstarfsverkefni skili sýnilegum svæðisbundnum og staðbundnum árangri á norðurskautssvæðinu.
- Að samstarfsverkefni sýni fram á og/eða þrói norræna/norðurskautssvæðis- samkennd.
- Að samstarfsverkefni auki norræna færni og samkeppnishæfni.
- Að samstarfsverkefni skapi nýja og nýskapandi þekkingu og/eða nýja alþjóðlega samvinnu, sem skapar nýja og nýskapandi nálgun við þróunina á norðurskautssvæðinu.
- Að samstarfsverkefni stuðli að auknum norrænum heildaráhrifum á alþjóðavettvangi.
- Að samstarfsverkefni séu kynnt út á við.

Þegar sótt er um fjármagn frá samstarfsáætluninni um norðurskautssvæðið, mun verða kafli í umsóknarformi Norrænu ráðherranefndarinnar, þar sem fylla skal út nauðsynlegar upplýsingar.

6.3. Pólitískt vægi

Árið 2014 var hrint af stað umbótastarfi á vinnu Norrænu ráðherranefndarinnar („Ný Norðurlönd“), sem leitast við að auka vægi pólitísku starfs í norrænu samstarfi og gera það sýnilegra. Þetta á einnig við um vinnu Norrænu ráðherranefndarinnar með norðurskautssvæðið. Viðmiðið um stuðning við samstarfsverkefni er að þau eigi að stuðla að því að viðhalda, skapa og þróa viðeigandi pólitíska dagskrá í almennu starfi Norrænu ráðherranefndarinnar. Núverandi pólitíska dagskrá Norrænu ráðherranefndarinnar má m.a. finna í eftirfarandi stefnumótunarskjölum:

- Yfirlýsing samstarfsráðherranna um framtíðarsýn fyrir Norrænu ráðherranefndina: <http://www.norden.org/is/norraena-radherranefndin/samstarfsradherrarnir-mr-sam/yfirlýsingar/nordurloend-2013-saman-erum-vid-oeflugri>

- Formennskuáætlun síðastliðins, núverandi og komandi árs: <http://www.norden.org/is/norraena-radherranefndin/regeringssamarbejdet/formennska-i-norraenu-radherranefndinni>
- Þverlæg stefna Norrænu ráðherranefndarinnar
 - Stefnan í málefnum barna og ungmenna: <http://urn.kb.se/resolve?urn=urn:nbn:se:norden.org:diva-4633>
 - Stefnan um jafnréttismál: <http://urn.kb.se/resolve?urn=urn:nbn:se:norden.org:diva-3856>
 - Sjálfbærnistefnan: <http://urn.kb.se/resolve?urn=urn:nbn:se:norden.org:diva-530>
- Norræna fjárhagsáætlunin fyrir viðkomandi ár: <http://www.norden.org/is/norraena-radherranefndin/um-norraenu-radherranefndina/fjarhagsaaetlanir>
- Núverandi samstarfsáætlun fyrir fagsviðið: <http://www.norden.org/is/norraena-radherranefndin/radherranefndir>

7. Samskipti, sýnileiki og mat

Í tengslum við umbótastarfið „Ný Norðurlönd“ og óskir landanna um auknið pólitískt vægi og aukinn sýnileika norræns samstarfs eiga öll samstarfsverkefni í samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um norðurskautssvæðið að taka á samskiptum og flétta inn samskiptaáætlun fyrir verkefnið. Þetta atriði mun einnig koma fram í umsóknarforminu. Viðmiðunarreglur Norrænu ráðherranefndarinnar um gerð samskiptaáætlunar má sjá hér til innblásturs:

<http://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:812887/FULLTEXT08.pdf>.

Sé þess óskað að gefa út niðurstöður verkefnis, er meginreglan að það fari fram á vegum útgáfudeildar Norrænu ráðherranefndarinnar.

Viðmiðunarreglur hér að lútandi má sjá hér:

<http://www.norden.org/is/utgafurit/vidmidunarreglur-um-utgafu-rita>.

Til viðbótar þarf að samþætta áætlun um mat, en það mun einnig koma fram í umsóknarforminu.

8. Fjárhagsáætlun fyrir samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um norðurskautssvæðið

Fjárhagsárið fyrir fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar er almanaksárið. Fjárhagsáætlunin fyrir samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um norðurskautssvæðið fylgir föstum verkferlum fjárlagavinnu Norrænu ráðherranefndarinnar. Fjárhagsáætlunin hljóti formlegt samþykki á árlegu þingi Norðurlandaráðs í viku 44 ár hvert.

Fjárhagsáætlun samstarfsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar um norðurskautssvæðið skiptist í tvo almenna hluta: (1) pólitískan forgangshluta, sem veitir löndunum forgangsrétt og tækifæri til að hrinda af stað pólitískum forgangsverkefnum, aðgerðum og/eða verkefnum innan ramma áætlunarinnar; og (2) opnum umsóknarhluta, sem er opinn öllum umsækjendum, sem uppfylla markmið áætlunarinnar og uppfylla þau skilyrði sem sett eru hverju sinni. Árlegar fjárveitingar í samstarfsáætlunina um norðurskautssvæðið og skipting fjárveitingar í tvo hluta munu koma fram í samþykkttri fjárhagsáætlun á fjárhagsári hverju sinni.

8.1. Stjórnun samstarfsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar um norðurskautssvæðið

Samstarfsráðherrarnir (MR-SAM) bera meginábyrgð á samstarfsáætluninni um málefni norðurskautssvæðisins og þar með talinni framkvæmd og umsjón með áætluninni. Hægt er að skipa norræna ráðgjafarnefnd um málefni norðurskautssvæðisins til að aðstoða við árlega framkvæmd samstarfsáætlunarinnar um norðurskautssvæðið, auk þess sem hægt er að bjóða út umsjón opnu umsóknarlotunnar fyrir samstarfsáætlunina um norðurskautssvæðið. Frekari upplýsingar um stjórnun og umsjón með samstarfsáætluninni um norðurskautssvæðið munu koma fram á vefsíðu Norrænu ráðherranefndarinnar.

Ef frekari almennar upplýsingar óskast um samstarfsáætlunina um norðurskautssvæðið er hægt að hafa samband við alþjóðateymi skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar og hlutaðeigandi ráðgjafa fagsviðsins.